

## ✉ Re: Lýsing-aðalskipulagsbreyting Súðavíkurrepps

Búið til	20.12.2021 15:53:08
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	20.12.2021 15:53:08
Tilheyrir	📁 202111-0034 - Breytinga á Aðalskipulagi Súðavíkurrepps 2020-2032, iðnaðarsvæði innan Langeyrar og íbúðarsvæði neðan Aðalgötu

### Efni

Re: Lýsing-aðalskipulagsbreyting Súðavíkurrepps

### Upplýsingar

Sent	20.12.2021 15:53:08	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	jbh@verkis.is

### Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

-----

Tilvísun í mál nr. 202111-0034 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá Súðavíkurreppi, dags. þann 22. nóvember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Súðavíkurrepps 2020-2032. Breytingin varðar iðnaðarsvæði innan Langeyrar og íbúðarsvæði neðan Aðalgötu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að í henni komi fram það sem þarf að fjalla um er varðar skipulagsbreytinguna og umhverfisáhrif hennar.

Stærsta breytingin sem felur í sér áhrif á náttúru svæðisins er stækkun landfyllingar. Stefnt er að því að skoða áhrif stækkunarinnar á lífríki og jarðmyndanir. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar (NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS (ni.is) (<https://vistgerdakort.ni.is/>)) eru á svæðinu fjöruvistgerðir með hátt verndargildi þótt umfangs þeirra sé ekki mikið. Þar vegur þyngst vistgerðin, klóþangsklungur,

Klóbangsklungur | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<http://www.ni.is/greinar/klohangsklungur>), sem er fremur fágæt vistgerð og finnst einkum á Vesturlandi og á Vestfjörðum. Vistgerðin telst mjög mikilvægt fæðusvæði fugla og er metin með mjög hátt verndargildi.

Fuglatalningar á fjörusvæðunum sunnan við Langeyri hafa sýnt að fjaran er töluvert notuð af andfuglum, einkum á flóði. Þar er mest af æðarfugli, en einnig toppendur, stokkendur og stundum álfir. Þá hafa hafarnir sést á veiðum á þessum slóðum.

Því er ljóst að landfyllingin mun valda skerðingu á fæðuöflunarsvæðum fugla til viðbótar við skerðingar á fjöruvistgerðum. Mikilvægt er að fjallað sé um þetta í skipulagsbreytingunni. Fram kemur í skipulagslýsingunni að Náttúrustofa Vestfjarða sé að vinna að umhverfisrannsóknum vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu þ.m.t. vegna áhrifa áætlaðrar landfyllingar sem og starfsemi kalkþörungaverksmiðjunnar sem stefnt er að því að verði þar staðsett. Náttúrufræðistofnun leggur til að Náttúrustofan skoði sérstaklega áhrif á fuglalíf ef það hefur ekki þegar verið ákveðið.

Starfsemi kalkþörungaverksmiðjunnar er ekki sérstaklega til umfjöllunar hér en Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsagnir um fyrirhuguð áform um kalkþörungavinnslu í Ísafjarðardjúpi m.a. umsögn til Skipulagsstofnunar um frummatsskýrslu dags. 7. júní 2018 og umsögn til Orkustofnunar um nýtingarleyfi Íslenska kalkþörungafélagsins dags. 9. október 2020. Í þessum umsögnum benti Náttúrufræðistofnun m.a. á að töluverð óvissa sé um áhrif kalkþörungavinnslu á lífríki á botni og að verndargildi kalkþörungasamfélaga sé metið hátt á heimsvísu. Nálgast má þessar umsagnir hér: Full page photo (ni.is) ([https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/efnisnam\\_kalkthorungaseti\\_i\\_isafjardardjupi\\_frummatsskyrsla.pdf](https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/efnisnam_kalkthorungaseti_i_isafjardardjupi_frummatsskyrsla.pdf)) og hér: umsokn\_islenska\_kalkthorungafelagsins\_um\_nytingarleyfi\_a\_kalkthorungaseti\_i\_isafjardardjupi.pdf (ni.is) ([https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/umsokn\\_islenska\\_kalkthorungafelagsins\\_um\\_nytingarleyfi\\_a\\_kalkthorungaseti\\_i\\_isafjardardjupi.pdf](https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/umsokn_islenska_kalkthorungafelagsins_um_nytingarleyfi_a_kalkthorungaseti_i_isafjardardjupi.pdf)).

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum um aðalskipulagsbreytinguna á síðari stigum.

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

**From:** "Jóhann Birkir Helgason" <[jbh@verkis.is](mailto:jbh@verkis.is)>

**To:** "Axel Rodriguez Överby" <[axelov@isafjordur.is](mailto:axelov@isafjordur.is)>; "Helga Þuríður Magnúsdóttir" <[helgathuridur@isafjordur.is](mailto:helgathuridur@isafjordur.is)>; "ust@ust.is" <[ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)>; "Anton Helgason" <[anton@hevf.is](mailto:anton@hevf.is)>; "postur@minjastofnun.is" <[postur@minjastofnun.is](mailto:postur@minjastofnun.is)>; "ov@ov.is" <[ov@ov.is](mailto:ov@ov.is)>; "Sigurður Friðgeir Friðriksson - VG" <[sigurdur.f.fridriksson@vegagerdin.is](mailto:sigurdur.f.fridriksson@vegagerdin.is)>; "skrifstofa@vedur.is" <[skrifstofa@vedur.is](mailto:skrifstofa@vedur.is)>; "os@os.is" <[os@os.is](mailto:os@os.is)>; "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <[samgongustofa@samgongustofa.is](mailto:samgongustofa@samgongustofa.is)>; "fiskistofa" <[fiskistofa@fiskistofa.is](mailto:fiskistofa@fiskistofa.is)>; "Skipulagsstofnun - SLS" <[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)>

**CC:** "Bragi Þór Thoroddsen" <bragi.thor.thoroddsen@sudavik.is>  
**Subject:** Lýsing-aðalskipulagsbreyting Súðavíkurhrepps  
**Date:** 22.11.2021 17:28:50

Hér með sendist til umsagnar Skipulagslýsing skv. 30. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 vegna breytinga á Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2020-2032, iðnaðarsvæði innan Langeyrar og íbúðarsvæði neðan Aðalgötu.

Umsagnir óskar sendar á netfangið jbh@verkis.is (mailto:jbh@verkis.is) eða með bréfi til Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 1, 420 Súðavík.

Óskað er eftir að umsagnir berist fyrir 22. desember nk.



**Jóhann Birkir Helgason**

Útibússtjóri / byggingartæknifræðingur | Branch Office Manager / Civil Engineer B.Sc.

+354 422 8934 | +354 898 3772 | jbh@verkis.is (mailto:jbh@verkis.is)

---

| [www.verkis.is](http://www.verkis.is) (http://www.verkis.is/) | Disclaimer  
(http://www.verkis.is/disclaimer)

## Viðhengi

image001.png (5 KB)